

Bláskógaskóli  
Íslenska  
Kennari Lára Bergljót Jónsdóttir

## Mosar



Karl Jóhann Einarsson  
1606022870

---

Mig langar að segja nokkur orð um mosa. Útlit, næring, kjöraðstæður og tegundir er það sem kemur aðallega fram um mosa í þessari heimildaritgerð. Ég veit ekki alveg af hverju ég valdi mosa, mér datt það bara fyrst í hug.

Mosar (fræðiheiti Bryophytes) eru litlar grænar plöntur, sem flestar hafa blöð og stöngul. Mosar hafa engar rætur og því halda þeir halda sér föstum og sjúga upp næringu með þráðum. Mosar fjölga sér með gróum. Upp af gróinu sprettur forkímsþráður og mosinn sjálfur upp af honum. Þegar eggfruman er frjóvuguð, vex upp af henni stafur með bauklaga gróhirslu. Mosajurtin er hinn kynjaði ættliður, en gróhirslan og þráðurinn kynlaus. (Mosar/Wikipedia [Án árs])

Mosar eru lágvaxnar plöntur, oft aðeins lítill stöngull með grænum og smáum blöðum. Þær eru veikburða og vaxa því þétt saman og styðja hver aðra og mynda oft mjúka, græna mottu eða breiðu á yfirborðinu. Undir mosabreiðunni helst jarðvegurinn hæfilega rakur og plönturnar varna því að hann skolist burtu með regni eða rennandi vatni. Þetta veldur því að næringarefnin haldast í jarðveginum og þau nýtast því fyrir aðrar plöntur. (Mosar/Lífheimurinn[2006])

Mosar teljast til ríkis plantna. Allar plöntur eru frumbjarga (ljóstilífandi) fjölfruma heilkjörnungar með blaðgrænu og frumuveggi úr sellulósa. Samkvæmt gamalli hefð var plöntum deilt upp í lág- og háplöntur. Mosar tilheyrðu lágplöntum ásamt fléttum, þörungum og sveppum. Til háplantna töldust æðplöntur, en það eru plöntur með eiginlegan stoð- og leiðsluvef, það er byrkningar (jafnar, elftingar, burknar) og fræplöntur. Sveppir teljast nú til eigin ríkis og hluti þörunga til annarra ríkja lífvera. Í ríki plantna standa því eftir grænþörungar, mosar og æðplöntur. (Mosar/Vísindavefurinn[2015])

Á Íslandi eru þekktar rúmlega 600 tegundir af mosum. Meginhluti þeirra er af tveim ólíkum fylkingum, baukmosum og soppmosum, en þriðji flokkurinn, hornmosar, er afar sjaldgæfur.

- Baukmosar eru gerðir úr stöngli og blöðum og eru blöðin oftast með miðrifi. Af baukmosum hafa 460 tegundir fundist á Íslandi.
- Soppmosar eru ýmist gerðir úr þali eða úr stöngli og blöðum en blöðin eru alltaf án miðrifs. Af soppmosum hafa fundist 139 tegundir á Íslandi.
- Hornmosar eru gerðir úr óreglulegu sepóttu eða kvíslgreindu þali sem er án allrar vefjaskiptingar. Á neðra borði myndast varafrumur og undir þeim smáhol sem oftast eru fyllt af bláþörungum. Einungis ein tegund af hornmosum hefur fundist á Íslandi, hverahnýfill sem er bundin jarðhita.

Mosar eiga það sameiginlegt að þarfnast vatns til kynæxlunar, gróliður (sá hluti plöntunnar sem framleiðir gró) er alltaf ógreindur og þá skortir æðstrengi líkt og byrkningar og æðplöntur hafa. Mosafylkingarnar þrjár eru um margt ólíkar og nýjustu rannsóknir benda til að mosar séu ekki náttúrulegur hópur í þeim skilningi að þeir komi af einum sameiginlegum forföður, þeir séu með öðrum orðum ekki einætta. (Mosar/Náttúrufræðistofnun Ísland [Án árs])

Ársvöxtur mosa er mjög breytilegur og mælingar á lengdarvexti sýna allt frá örfáum mm upp í 7 cm á ári. Umhverfisaðstæður skýra að mestu breytileikann í vexti mosa þó að hámarksvöxtur fari eitthvað eftir tegundum. Mestur lengdarvöxtur hefur mælst í ferskvatns- og votlendismosum. Nokkrar mælingar hafa verið gerðar á vexti hraungambra (*Racomitrium lanuginosum*) hér á landi: meðalársvöxtur í Þingvallahrauni árin 1990–1992 var 0,75 cm og 1,1 cm á Auðkúluheiði 2006–2007. Í samanburði við æðplöntur verður þó vöxtur mosa að teljast mjög hægur og skýrist það af byggingu og lífeðlisfræði þeirra.

Nú vitiði mikið meira um Mosa en áður fyrr. Mosi er áhugaverð planta sem finnst víða um Ísland og um allan heim. Það kom mér á óvart hvað mosi er lengi að vaxa aftur eftir að það er búið að eyðileggja hann. (Mosar/Vísindavefurinn[2015])

Heimildaskrá

-Fabricius, Susanne. Holm, Frederik . 2006 Lífheimurinn. Hálfðan Ómar Hálddánason þýddi. Námsgagnastofnun.

-Wikipedia (án árs) sótt 30 október 2017 af <https://is.wikipedia.org/wiki/Mosar>

-Vísindavefurinn (2015) sótt 8.nóvember 2017 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=11649>

Náttúrufræðistofnun Íslands (Án árs) Sótt 8.nóvember 2017 af <http://www.ni.is/grodur/plontur/mosar>

Vísindavefurinn (2015) Sótt 8.nóvember 2017 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=28839>